

Landsfundir UU: Náttúruvernd

Samantekt fundarins

Frjálsu félagasamtökin Ungir umhverfissinnar héldu Landsfund um náttúruvernd dagana 29. og 30. október 2021. Fundurinn var fyrsta af fjórum stefnumótunarráðstefnum sem haldnar verða á starfsárinu. Hver landsfundur er með sitt eigið þema og verða þeir haldnir í mismunandi landshlutum. Fundurinn um náttúruvernd var haldinn á Icelandair hótél Natura, Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík.

Eitt meginmarkmið fundarins var að hefja ferli stefnumótunar Ungra umhverfissinna í náttúruverndarmálum. Landsfundurinn var auglýstur meðal allra meðlima Ungra umhverfissinna, framhaldsskóla- og háskólanema, félagasamtaka og einnig var upplýst alla starfandi þingmenn Alþingis. Í heildina tóku 50 ungmenni þátt á fundinum, ásamt 24 sérfræðingum, umhverfis- og auðlindaráðherra og 2 þingmönnum.

Með þátttöku á fundinum gafst ungu fólki tækifæri til þess að fræðast um náttúruverndarmál og hafa áhrif á stefnumótun félagsins. Þannig gafst ungu fólki tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við ráðafólk, stofnanir og almenning í landinu. Á viðburðinum sköpuðust umræður milli ungs fólks, sérfræðinga og ráðafólks um náttúruvernd.

Afrakstur verkefnisins mun nýtast í öllu starfi félagsins næstu þrjú til fjögur árin. Einnig mun afraksturinn nýtast meðlimum félagsins, sem og ungum umhverfissinum um land allt, sem haldbær grunnur að umhverfisstefnu sem hlýtur að náttúruvernd.

Á fundinum voru fjögur þemu; 1) dýravernd, 2) landnýting, 3) virkjanir og friðlýsingar, og 4) sjór og sjávarútvegur. Félagið fékk sérfræðinga til að halda erindi sem sneru að hverju þeirra. Þegar þeim erindum sem sneru að hverju þema var lokið hófust umræður í hópum sem þátttakendur og sérfræðingar tóku virkan þátt í á jafningjagrundvelli. Umræður allra hópa voru skjalfestar af hópstjórum á tölvutæki formi og einnig gafst þátttakendum færi á að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri í formi sameiginlegs hugarkorts. Eftirfarandi spurningar voru settar fram sem upphaf að umræðum:

- Hvað finnst þér/ykkur vera mikilvægir þættir í þemanu?
- Er eitthvað sem þið mynduð vilja bæta við varðandi þemað?
- Hvernig getur ungt fólk haft áhrif á þessi málefni?

Hér á eftir er samantekt á þeim umræðum sem sköpuðust á fundinum. Umræðupunkta þátttakenda má sjá í heild sinni í viðauka.

Dýravernd

Dýravernd var fyrsta þemað sem fjallað var um á fundinum. Fyrirlesarar voru eftirfarandi:

- Snorri Sigurðsson - Lög um dýravernd
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson - Íslenskir fuglastofnar - ógnir og aðgerðir
- Ester Rut Unnsteinsdóttir - Íslenski refurinn
- Sandra Magdalena Granquist - Selastofnar við Ísland
- Edda Elísabet Magnúsdóttir - Hvalastofnar við Ísland
- Skarphéðinn Þórisson - Hreindýr í náttúru Íslands

Aðalatriði umræðanna hafa hér verið tekin saman:

Lög um dýravernd ættu almennt að vera skýrari og ættu ákveðnar tegundir/hópar dýra ekki að vera undanskilin þeim, sbr. selir, hvalir eða fiskar. Einnig ætti ekki að vera hægt að gera undantekningar á þessum lögum í nafni tjóns af völdum dýrsins eða hefða/siða.

Dýrategundir/-stofnar sem eru á valista (íslenskum eða alþjóðlegum) ættu að vera friðaðar án nokkurra undantekninga þar til stofninn nær sér aftur á strik.

Dýravelferðarlög mættu vera skýrari og hnitmiðaðri t.d. tengt flutningum, í sláturhúsum og varðandi slæma meðferð á dýrum.

Rannsaka þarf frekar dýrastofna á Íslandi og ennfremur vakta þá. Þá má ekki gleyma þeim hópum sem fá minni athygli t.d. vegna smæðar sinnar og má þar nefna hina ýmsu hryggleysingja.

Meðafli sjávarspendýra er gríðarlegt vandamál og leggja ætti meira fjármagn í að koma í veg fyrir hann sbr. með notkun fæla og betri veiðarfæra.

Mikilvægt er að vernda landslag, jarðminjar og einstök búsvæði eða vistkerfi, líkt og votlendi þar sem það er undirstaða alls dýralífs.

Alþjóðleg ábyrgð Íslands er mikil þegar kemur að ákveðnum dýrastofnum. Þar má nefna fuglastofna en hér verpir stór hluti margra vaðfuglastofna.

Friða ætti stærri svæði til verndar dýrastofna og annarra lífvera samkvæmt tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá ætti a.m.k. 30% annars vegar lands og hins vegar sjávar að vera friðlýst.

Landnýting

Landnýting var annað þemað sem fjallað var um á fundinum. Fyrirlesarar voru eftirfarandi:

- Þóra Ellen Þórhallsdóttir - Landnýting og flóra Íslands
- Kristín Svavarsdóttir - Endurheimt vistkerfa
- Guðfinnur Jakobsson - Lífrænn landbúnaður
- Hjördís Jónsdóttir - Landnýting og skógrækt
- Bryndís Magnúsdóttir og Jóhann Þórsson - Landnýting í náinni framtíð

- Ólafur Arnalds - Landnýting og moldin
- Skúli Skúlason - Líffræðileg fjölbreytni
- Aldís Erna Pálsdóttir - Landnýting og fuglastofnar

Aðalatriði umræðanna hafa hér verið tekin saman:

Efla þarf rannsóknir og vöktun með ástandi lands og landnýtingu. Þá eru rannsóknir á sjaldgæfum dýra og plöntutegundum mikilvægar til þess að standa vörð um búsvæði þeirra. Í ljósi loftslagsbreytinga þarf að efla rannsóknir á áhrifum þeirra á vistkerfi. Má þar nefna þol plantna fyrir hinum ýmsu breytingum, líkt og nýjum tegundum sjúkdóma. Einnig þarf að efla fjárveitingar til rannsókna.

Mikilvægt er að kortleggja vistgerðir á landi til að fá yfirlit yfir hvaða landsvæði henta undir tiltekna landnýtingu, s.s. beit, landbúnað, skógrækt eða virkjanir, og hvaða svæði ætti ekki að nýta. Heildstætt og framsýnt verðmætamat á landi þarf að liggja fyrir til að hægt sé að samræma stefnu og ákvarðanatökur um landnýtingu. Þá er mikilvægt að tekið sé tillit til ákveðinna hópa, líkt og mófuglastofna, sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á. Til að þetta verði að veruleika þarf að efla samstarf milli ólíkra stofnana og vísindafólks.

Setja þarf skýr lög um að ekki megi framræsa votlendi og það undantekningarlaust. Að sama skapi skal endurheimta raskað votlendi sem ekki er í notkun.

Ekki skal nýta framræstar mýrar eða röskuð mólendi til beitar. Beit skal á öllum tímum vera sjálfbær með tilliti til landnýtingar þannig að ekki sé gengið á þolmörk landsins. Rofið land ætti að friða fyrir beit og ráðast í endurheimt sem fyrst. Hér er mikilvægt að miðstýring sé sterk, ábyrgðin ætti ekki að lenda eingöngu á bændum. Ríkisstyrkir til bænda ættu að vera hvatning til þess að stuðla að sjálfbærni í landnýtingu og endurheimt vistkerfa.

Huga þarf að landbútnun og jaðaráhrifum mannvirkja á lífverur þegar byggðapróun á í hlut. Þetta á sérstaklega við um dreifbýli og sumarhús sem taka mikið landsvæði og hafa þar með töluvert meiri samanlögð áhrif á lífríki lands samanborið við þéttbýli.

Mikilvægt er að efla rannsóknir á ágengum tegundum og setja lög um að þær tegundir sem teljast ágengar séu ekki notaðar í uppgræðslu. Þá þarf einnig að efla reglugerð með innflutningi lífvera. Sjálfbærni í landbúnaði ætti að vera lögfest. Mikilvægt er að nota ekki efni og áburð sem rýrir líffræðilega fjölbreytni, hefur áhrif á hringrás næringarefna eða losar eiturefni. Lífrænn landbúnaður, skiptirækt og fjölhæðarækt innanhúss eru tækifæri sem ætti að skoða enn frekar.

Verndun líffræðilegrar fjölbreytni ætti að vera í fyrirrúmi í allri landnýtingu. Vegna sérstöðu Íslands eru mörg rannsóknartækifæri tengd líffræðilegum fjölbreytileika en sérstaðan felst m.a. í því að hér er að finna ung og lítt snortin vistkerfi. Miðlun þessarar þekkingar skiptir sköpum fyrir líffræðilega fjölbreytni á heimsvísu.

Fræðsla til almennings, og þá sérstaklega ungs fólks í grunn- og framhaldsskólum landsins, skiptir miklu máli. Fræða þarf um líffræðilega fjölbreytni, virkni og mikilvægi vistkerfa og sjálfbæra nýtingu auðlinda okkar svo fátt eitt sé nefnt. Styðja þarf við náttúrufræðikennara þar sem þeir hafa allt of mikið á sinni könnu og geta ekki komist yfir þann fjölbreytta vettvang sem

náttúrufræðin er. Í ljósi þess er mikilvægt að efla samstarf milli sérfræðinga og kennara. Miðlun fróðleiks er grundvöllur framfara.

Virkjanir og friðlýsingar

Virkjanir og friðlýsingar var þriðja þemað sem fjallað var um á fundinum. Fyrirlesarar voru eftirfarandi:

- Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun - Friðlýsingar og friðlýst svæði
- Jóna Bjarnadóttir, Landsvirkjun - Sjálfbærir virkjanakostir og náttúruvernd
- Benóný Jónsson - Áhrif vatnsaflsvirkjana á lífríki ferskvatns
- Nína Aradóttir - Sjónarhorn landvarða

Aðalatriði umræðanna hafa hér verið tekin saman:

Áður en ráðist er í fleiri virkjanir fyrir orkuskipti, og sem stuðningsaðgerð gegn loftslagsbreytingum í alþjóðlegu samhengi, er mikilvægt að skoða hvaða ástæða liggur að baki hverrar umræðu fyrir sig. Ljóst er að heimsbyggðin öll þarf meiri orku ef við ætlum að halda uppteknum hætti og fasa út jarðefnaeldsneyti með fullum orkuskiptum fyrir bíla, skip og flugvéla. Það er þó nauðsynlegt að endurskipuleggja samfélagið okkar þegar kemur að orkumálum með tilliti til bættrar orkunýtni og uppbyggingu annars konar samgangna en með einkabílum. Nú er að mestu horft á toppa í orkunotkun og orkuþörf mæld út frá því en orkuþörfin er sveiflukennnd og þar með ekki alltaf í hámarksnýtingu. Að sama skapi er mikilvægt að skoða í hvað orkan fer í dag og forgangsraða með heilbrigði almennings og náttúrunnar í huga.

Umhverfismat virkjana ætti ávallt að vera í höndum óháðra aðila. Ekki er boðlegt að smávirkskjanir séu undanskildar jafn ströngu umhverfismati þar sem þær geta haft álíka afdrifarík áhrif og stærri virkskjanir á lífríkið.

Taka þarf mið af heildrænu og framsýnu verðmætamati í allri landnýtingu. Í því samhengi má nefna að mikilvægt er að tillit sé tekið til fuglastofna og lífríkis vatna við undirbúning virkjana- og vindorkukosta. Gera þarf viðamiklar rannsóknir í töluverðan tíma á áhrifum þessara ígrípa á lífríkið en neikvæðar afleiðingar koma oft seint fram. Mikilvægt er að rannsóknir séu gerðar áður en ráðist er í framkvæmdir virkjanahugmynda, sama hver stærð virkjana er. Ekki skulu hagsmunir nokkurra aðila vega herra en hagsmunir almennings eða náttúrunnar.

Mikilvægt er að samræma landvörslu og bæta samskipti milli landvarða. Landverðir eru ómetanlegur brunnur þekkingar þegar kemur að svæðunum sem þau starfa á. Landverðir sinna þýðingarmiklu starfi á friðlýstum svæðum í þágu náttúru og ferðafólks. Í ljósi þess eru friðlýsingar tilefni til uppbyggingar og verndar svæða en tákna ekki boð eða bönn. Sameining friðlýstra svæða og stofnana, þar sem það á við, styrkir þetta mikilvæga starf enn frekar.

Sjór og sjávarútvegur

Sjór og sjávarútvegur var fjórða og síðasta þemað sem fjallað var um á fundinum. Fyrirlesarar voru eftirfarandi:

- Steinunn Hilma Ólafsdóttir - Verndarsvæði í sjó
- Pétur Halldórsson - BBNJ: verndun úthafa
- Gréta María Grétarsdóttir - Umhverfismál í sjávarútvegi
- Andrés Skúlason - Mengun í hafi
- Katrín Oddsdóttir - Ákvæði tengd sjó í tillögum stjórnlagaráðs

Aðalatriði umræðanna hafa hér verið tekin saman:

Auka þarf rannsóknir á hafinu. Sem dæmi er vitneskja um hafsbotninn undirstaða skilnings á ýmsum ferlum í hafinu. Ekki má gleyma rannsóknum á hryggleysingjum, þörungum og þeim lífverum sem ekki eru veiddar til nýtingar manna.

Meðafli er alvarlegt vandamál sem taka þarf á. Þá væri hægt að efla rannsóknir á betri veiðarfærum.

Fiskeldi í sjókvíum ætti ekki að líðast hér þar sem áhættur fyrir lífríkið eru gríðarlegar og mengun af völdum þessa iðnaðar er mikil svo ekki sé talað um illa meðferð á fisknum.

Nauðsynlegt er að setja fram áfangamarkmið til að ná markmiðum um 30% verndarsvæða í hafi fyrir árið 2030. Til að þetta markmið verði að veruleika þarf að efla rannsóknir og samstarf milli hagsmunaaðila og sérfræðinga við að friðlýsa svæði í hafi.

Orkuskipti í sjávarútvegi eru tímabær og þá er mikilvægt að horfa til þeirra kosta sem við höfum hérlendis en einnig fara í samstarf með erlendum aðilum um sameiginlegan orkukost.

Skólp mál á Íslandi eru ekki til fyrirmyndar. Gott væri að koma upp þriggja fasa hreinsun á skólpi og nýta hreinsað skólp t.d. í framleiðslu áburðar eða orkugjafa.

Mengun í sjó er stórt vandamál sem taka þarf á. Þá er fræðsla grunnurinn að breytingum. Fræða þarf almenning um mengunarvalda og leiðir til að bregðast við þeim. Að sama skapi skiptir fræðsla um lífríki sjávar miklu máli. Hér má ekki gleyma hljóðmengun frá skipum sem gæti haft áhrif á vistkerfi sjávar.

Að lokum

Stjórn Ungra umhverfissinna þakkar öllum þeim sem fóru með erindi á Landsfundinum. Einnig vill hún þakka öllum þátttakendum sem mættu á ráðstefnuna og létu skoðun sína í ljós. Þakkir fá einnig öll sem komu að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Að lokum viljum við þakka öllu því ráðafólki sem mætti til að hlusta á áherslur ungs fólks í náttúruvernd og hvetjum þau til þess að taka stefnuna til sín. Ungmenni munu erfa náttúru Íslands og er því mikilvægt að þeirra sjónarmið séu tekin með í reikninginn í ákvarðanatöku sem varðar náttúruvernd.

Næstu landsfundir verða:

Loftslagsmál, janúar 2022, Selfoss

Kynning og fræðsla, febrúar 2022, Egilsstaðir

Hringrásarhagkerfi, mars 2022, Akureyri

Fundarstjóri var Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, náttúruverndarfulltrúi Ungra umhverfissinna Yfirlýsingu ritaði, ásamt Sæunni, Egill Ö. Hermannsson, varaformaður Ungra umhverfissinna og aðalritari Landsfundarins um náttúruvernd.